

Nd.

97. Breytingartillögur

[58. mál]

við frv. til 1. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Skuldabréf þau og spariskirteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., skulu verðtryggð þannig, að greiðslur vaxta af þeim og afborganir skulu bundnar vísitölu byggingarkostnaðar.

Lánstími skal vera allt að 10 ár og vextir 4%—5% eftir nánari ákvörðun ráðherra.

2. Við 3. gr. Niður falli orðin „framtalsskyldu og“.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskirteina skv. 1. gr., skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins eftir ákvörðun Alþingis.